

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 20. maí 2015 í máli nr. E-1671/2014:**

**Ragnar Önundarson**

*(Ragnar Baldursson hrl.)*

**gegn**

**Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda**

*(Óttar Pálsson hrl.)*

Mál þetta höfðaði Ragnar Önundarson með stefnu birtri 29. apríl 2014 á hendur Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, Borgartúni, 29, Reykjavík. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 22. apríl sl.

Stefnandi krefst þess aðallega að viðurkennt verði að áunnin lífeyrisréttindi hans við yfirfærslu þeirra frá Eftirlaunastjórn starfsmanna Glitnis banka hf. til stefnda þann 31. ágúst 2010 á verðlagi 31. desember 2009 hafi verið 76,3% af launum bankastjóra Íslandsbanka hf. eins og þau voru 31. desember 2009, auk 13,7% af síðustu launum stefnanda sem framkvæmdastjóra hjá Íslandsbanka hf., verðtryggðum með launavísitölu frá maí 1998 (139,4 stig), fyrstu tvö árin frá því að taka lífeyris hefst, 8,7% næstu tvö árin og 3,7% í tvö ár eftir það.

Til vara krefst stefnandi þess að viðurkennt verði með dómi að áunnin eftirlaunaréttindi hans við yfirfærslu þeirra frá Eftirlaunastjórn starfsmanna Glitnis banka hf. til stefnda þann 31.8.2010 á verðlagi 31. desember 2009 hafi verið 76,3% af 9/10 hluta launa bankastjóra Íslandsbanka hf. eins og þau voru 31. desember 2009, auk 13,7% af síðustu launum stefnanda sem framkvæmdastjóra hjá Íslandsbanka hf. verðtryggðum með launavísitölu frá maí 1998 (139,4 stig) fyrstu tvö árin frá því að taka lífeyris hefst, 8,7% næstu tvö árin og 3,7% í tvö ár eftir það.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að viðurkennt verði með dómi að áunnin eftirlaunaréttindi hans við yfirfærslu þeirra frá Eftirlaunastjórn starfsmanna Glitnis banka hf. til stefnda þann 31.8.2010 á verðlagi 31. desember 2009 hafi verið 76,3% af launum hæstaréttardómara auk 17% álags og 25% viðbótarálags á launin þannig reiknuð eins og þau laun voru í lok árs 2009 auk 13,7% af síðustu launum stefnanda sem framkvæmdastjóra hjá Íslandsbanka hf. verðtryggðum með launavísitölu frá maí 1998 (139,4 stig) fyrstu tvö árin frá því að taka lífeyris hefst, 8,7% næstu tvö árin og 3,7% í tvö ár eftir það.

Þá er þess í öllum tilvikum krafist að stefnandi eigi rétt til eftirlauna frá 65 ára aldri og að lífeyrir greiðist í 12 mánuði auk eins mánaðar á ári.

Þess er jafnframt krafist að viðurkennd verði skylda stefnda til að þola yfirfærslu réttinda stefnanda frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. til sín eins og þau hafi verið áunnin og viðurkennd 31. desember 2009 með öllum þeim réttindum og skyldum sem fylgdu réttindum annarra sjóðsfélaga Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf. er tekin voru yfir af stefnda.

Alls ofangreinds er krafist gegn því að stefnandi uni því að áunnin lífeyrisréttindi hans í Lífeyrissjóði verslunarmanna að fjárhæð kr. 19.531.000 verði dregin frá heildarlífeyrisrétti hans og að stefnandi uni því að réttindi hans verði flutt frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. til stefnda.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Hér á eftir verður Íslandsbanki nefndur oftsinnis og er þá átt við banka með því nafni sem hóf starfsemi 1990 og er nú til slitameðferðar.

Stefnandi starfaði í Iðnaðarbanka Íslands hf. frá 1. júní 1976 til ársloka 1989. Var hann fyrst sérfræðingur í hagdeild bankans, síðan forstöðumaður hagdeildar, þá aðstoðarbankastjóri og loks bankastjóri. Á þessum tíma ávann stefnandi sér eftirlaunarétt samkvæmt ráðningarsamningi sínum við bankann.

Í stefnu segir að stefnandi hafi í fyrstu áunnið sér 2% lífeyrishlutfall á ári. Þessara kjara hafi hann notið í 41 mánuð og áunnið sér þannig 6,833% lífeyrisrétt. Hann hafi verið aðstoðarbankastjóri frá árinu 1979 og bankastjóri frá því í ágúst 1984. Á tímabilinu sem hann gegndi starfi aðstoðarbankastjóra var hann um langt skeið staðgengill bankastjóra, sem var forfallaður. Hafði hann áunnið sér lífeyrisréttindi sem námu 76,3% af viðmiðunarlaunum, þegar hann tók við starfi framkvæmdastjóra hjá Íslandsbanka í byrjun árs 1990. Stefndi mótmælir ekki þessum útreikningi stefnanda.

Í samningi sem stefnandi og aðrir bankastjórar Iðnaðarbankans gerðu við bankann 10. maí 1988 var eftirlaunaréttur þeirra skýrgreindur. Almenna reglan samkvæmt 1. gr. var sú að eftirlaunaréttur yrði virkur í lok þess mánaðar er 65 ára aldri væri náð. Eftirlaunin skyldu nema tilteknu hlutfalli bankastjóraalauna eins og þau yrðu á hverjum tíma, allt að 90%. Í 7. gr. samnings þessa sagði að ef kæmi til sameiningar bankans við aðra banka ábyrgðist bankinn að hinn sameinaði banki yfirtæki skuldbindingar samkvæmt samningnum.

Laun bankastjóra á þessum tíma voru ákveðin eins og laun hæstaréttardómara með tilteknu álagi, auk aukagreiðslna og fríðinda, en skrifað var undir sérstakan ráðningarsamning við stefnanda þann 16. maí 1988.

Í ársbyrjun 1990 var rekstur fjögurra banka sameinaður með því að eignir þeirra og skuldir voru lagðar fram sem hlutafjárúkning í Útvegsbanka Íslands hf. og nafni hans breytt í Íslandsbanki. Stefnandi heldur því fram að

lífeyrisskuldbinding bankans við hann hafi verið reiknuð og dregin frá þeim verðmætum sem komu í hlut eigenda Iðnaðarbankans.

Stefnandi varð einn af fjórum framkvæmdastjórum Íslandsbanka frá 1. janúar 1990. Laun hans námu 90% af launum bankastjóra, en þau voru ákveðin eins og áður eftir launum hæstaréttardómara. Það breyttist á árinu 1993.

Í ráðningarsamningi stefnanda við Íslandsbanka var ekki neitt ákvæði um eftirlaun eða lífeyrisréttindi. Í sérstakri bókun var tekið fram að bankaráð og stefnandi skyldu gera sérstakan samning um lífeyrisrétt sem skyldi gilda frá 1. janúar 1990.

Nýr ráðningarsamningur var undirritaður 9. júlí 1993. Í 6. gr. hans var ákvæði um eftirlaun. Ekki er nauðsynlegt að reifa þau ákvæði þar sem aðilar eru sammála um hvaða réttindi stefnandi ávann sér samkvæmt þessum samningi. Í 6. gr. sagði að fjárhæð lífeyris væri ákveðinn hundradshluti af grundvallarlaunum. Þau voru skýrgreind sem „síðustu fullu mánaðarlaun framkvæmdastjórans fyrir töku lífeyris, sbr. 5. gr., og skulu þau breytast eftir það í samræmi við breytingar á launavísitölu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands“.

Í 8. gr. samningsins sagði: „Áunnin eftirlaunaréttindi, sem Íslandsbanki yfirtók ... teljast til áunninna réttinda hjá bankanum.“

Í 13. gr. samnings stefnanda var sérákvæði. Þar segir:

*Þegar framkvæmdastjórinn hóf störf hjá bankanum hinn 1. janúar 1990 hafði hann áunnið sér rétt til 76,3% eftirlauna hjá Iðnaðarbanka Íslands hf., en bankinn yfirtók þá skuldbindingu gagnvart honum að frádregnum þeim lífeyrisrétti, sem framkvæmdastjórinn hafði áunnið sér hjá öðrum lífeyrissjóðum, sem sá banki hafði greitt iðgjöld í.*

*Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. verður eftirlaunaréttur framkvæmdastjórans aldrei lægri en það hlutfall af launum, sem hann hafði áunnið sér rétt til hinn 1. janúar 1990, eða 76,3% af launum og reiknast makalífeyrir ...*

Þetta ákvæði má segja að sé þungamiðja ágreinings aðila. Hér er samið um minni réttindaávinnslu en í samningi stefnanda við Iðnaðarbankann og aðra viðmiðun um verðtryggingu réttindanna.

Í stefnu er lýst aðdragandanum að þessari samningsgerð. Hafði endurskoðanda bankans verið falið að leggja fram hugmyndir að eftirlaunasamningum bankastjórnar. Lagði hann fram minnisblað dags. 15. júní 1993, sem stefnandi segir að hafi orðið grunnur að samningum, m.a. áður nefndum samningi við hann sjálfan.

Á minnisblaðinu er lýst þeirri meginhugmynd að frá sameiningu bankanna í Íslandsbanka eigi eftirlaunaréttindi að ávinnast með saman hætti hjá allri bankastjórninni. Tekið er fram að rétturinn hafi verið mismunandi í hverjum banka. Í 3. tl. segir: „Menn halda þeim réttindum, sem þeir hafa áunnið sér. Þeir sem ekki höfðu náð fullum réttindum við sameininguna ávinna sér viðbótarrétt eftir ákvæðum hins nýja samnings.“ Verðtrygging réttinda er ekki nefnd á

minnisblaðinu.

Þessar skuldbindingar Íslandsbanka voru skömmu síðar fluttar í eftirlaunasjóðinn sem áður var nefndur. Greiddi bankinn fé til sjóðsins í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings á skuldbindingunum.

Stefnandi hætti störfum hjá Íslandsbanka 31. maí 1998. Hann telur að hann hafi áunnið sér eftirlaunarétt er nemi 40,4% af launum maímánaðar 1998.

Stefnandi kveðst ekki hafa fengið neinar upplýsingar um réttindi sín hjá eftirlaunasjóðnum fyrr en í janúar 2007 er Talmakönnun hf. reiknaði réttindi hans að beiðni sjóðsins. Í því bréfi kom fram að réttindin miðuðust við laun stefnanda og vísitölu í maí 1998. Þá kom fram að lífeyrir skyldi greiddur í 13 mánuði á ári.

Þann 30. desember 2008 ritaði stefnandi eftirlaunasjóðnum bréf þar sem hann m.a. setti fram kröfu um að sjóðurinn viðurkenndi að hann ætti rétt til eftirlauna sem næmu 82% af launum bankastjóra Íslandsbanka (þá Nýja Glitnis banka) eins og þau væru á hverjum tíma.

Þessu bréfi stefnanda var svarað með bréfi lögmanns fyrir hönd sjóðsins, dags. 16. febrúar 2009. Þar kemur fram sú afstaða að réttindi stefnanda frá tíma hans í Iðnaðarbankanum og réttindin sem hann ávann sér í Íslandsbanka rynnu í eitt og að grundvallarlaun til útreiknings lífeyris skyldu vera síðustu fullu mánaðarlaun stefnanda fyrir töku lífeyris, framreiknuð samkvæmt launavísitölu.

Stefnandi var ósáttur við þessa afstöðu sjóðsins og aflaði sér minnisblaðs þeirra Ólafs Nilssonar endurskoðanda og Bjarna Þórðarsonar tryggingafræðings, sem komu að gerð samninga um eftirlaun og lífeyrisréttindi eftir stofnun Íslandsbanka á árinu 1990. Þeir lýsa þeirri skoðun sinni að launaviðmið til ákvörðunar lífeyrisréttar stefnanda vegna starfs hans sem bankastjóri og aðstoðarbankastjóri í Iðnaðarbankanum skyldu vera laun hæstaréttardómara með tilgreindum álögum. Réttindi sem hann hefði aflað sér í starfi hjá Íslandsbanka ættu að reiknast sem hlutfall af launum hans í apríl 1998, verðtryggð samkvæmt launavísitölu.

Aðilar lögðu ágreining sinn í gerð samkvæmt samþykktum sjóðsins. Gerðardómur vísaði málinu frá sér með dómi 20. nóvember 2009. Taldi dómurinn að Glitnir banki hefði þurft að eiga aðild að málinu, en eftirlaunasjóðurinn viðurkenndi ekki að hann bæri allar þær skyldur sem bankinn hefði tekið á sig. Þar sem stefndi í þessu máli mótmælir því ekki að hann beri allar þær skyldur sem bankinn tók á sig, þarf ekki að reifa nákvæmlega hvernig staðið var að yfirtöku eftirlaunasjóðsins á skuldbindingum Íslandsbanka á árinu 1993. Er þetta rakið ítarlega í stefnu. Stefnandi lýsti í kjölfar gerðardómsins kröfu í slitabú Glitnis banka. Kveðst hann hafa gert það til öryggis ef ekki yrði viðurkennt að eftirlaunasjóðurinn hefði yfirtekið allar lífeyrisskuldbindingar bankans.

Stefnandi lýsti enn fremur kröfu eftir innköllun vegna sameiningar eftirlaunasjóðsins og stefnda. Stjórn sjóðsins hafnaði kröfu stefnanda að svo stöddu með bréfi dags. 2. nóvember 2010. Stefnandi mótmælti þeirri afstöðu með bréfi 10. nóvember 2010.

Ekki er nauðsynlegt að rekja bréfaskipti aðila nánar. Fram koma upplýsingar um að stefndi hafi lagt 150 milljónir króna í varasjóð til að mæta kröfu stefnanda um aukin lífeyrisréttindi. Þá eru rakin bréfaskipti eftirlaunasjóðsins og starfsmanna Talnakönnunar, sem stefnandi telur sýna að fram til 2007 hafi sjóðurinn haft sama skilning á eftirlaunaréttindum hans og þeir Ólafur Nilsson og Bjarni Þórðarson.

Stefndi mótmælir því ekki að eftirlaunasjóðurinn, sem sameinast hefur stefnda, hafi yfirtekið allar lífeyrisskuldbindingar Íslandsbanka gagnvart stefnanda.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

#### *Um aðalkröfu*

Í fyrri lið aðalkröfu byggir stefnandi á því að lífeyrisréttindi sem hann ávann sér hjá Iðnaðarbankanum skuli reiknuð samkvæmt eftirmannsreglu allt þar til þau voru flutt frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka til stefnda. Þá krefst hann þess að viðurkennt verði að þessi réttindi nemi 76,3% af launum bankastjóra Íslandsbanka hf. Hann segir að eftirlaunasjóðurinn hafi tekið yfir eftirlaunaskuldbindingu Íslandsbanka. Hafi þar verið færð nákvæmlega sama skuldbinding og hafði áður verið færð af Iðnaðarbankanum til Íslandsbanka.

Stefnandi byggir á því að í starfi hjá Iðnaðarbankanum hafi hann áunnið sér 6,833% eftirlaunarétt sem sérfræðingur og forstöðumaður og 76,3% rétt sem bankastjóri. Þessi réttindi hafi eftirlaunasjóðurinn tekið á sig og fengið fullt verð fyrir. Þá hafi verið skráð í bækur sjóðsins að réttindin væru verðtryggð samkvæmt eftirmannsreglu. Kveðst stefnandi byggja bæði á þessari skráningu og ráðningarsamningi sínum. Því byggir stefnandi á því að eftirlaunaréttindi sem hann ávann sér hjá Iðnaðarbankanum skuli verðtryggð samkvæmt eftirmannsreglu.

Eftirlaunasjóðurinn hafi túlkað réttindi stefnanda á þennan hátt allt frá 1993 og fram á seinni hluta árs 2006. Þá hafi hann breytt réttindunum einhliða með nýrri túlkun á ráðningarsamningi stefnanda. Hafi hann þá viljað að öll eftirlaunaréttindi stefnanda skyldu miðast við síðustu laun hans í starfi hjá Íslandsbanka og uppfærast samkvæmt launavísitölu. Segir stefnandi að sér hafi ekki verið tilkynnt um þessa breyttu afstöðu sjóðsins.

Stefnandi segir að það hafi ekki verið nefnt einu orði í samningnum við Íslandsbanka að verið væri að breyta áunnum réttindum eða að stefnandi væri að afsala sér réttindum. Skýrt hafi verið tekið fram að bankinn hafi yfirtekið áunnin réttindi.

Stefnandi byggir á því að í ráðningarsamningnum hafi falist yfirtaka á skyldum, en ekki hafi verið samið um breytingu á réttindum stefnanda. Eigi að breyta verðtryggingunni sé verið að skerða áunninn lífeyrisrétt hans afturvirk. Eftirlaunaréttindin hafi átt að flytjast til eftirlaunasjóðsins og varðveitast þar

óskert. Ljóst sé að gerður hafi verið skýr greinarmunur á eldri réttindum og þeim réttindum sem stjórnendur Íslandsbanka áunnu sér eftir að hann var stofnaður. Vísar stefnandi um þessi atriði til minnisblaðs Ólafs Nilssonar endurskoðanda og Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings.

Stefnandi telur að lífeyrisréttindi sín og réttur sinn til verðtryggingar þeirra samkvæmt eftirmannsreglunni séu varin af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þau verði ekki af honum tekin nema með breytingu sem væri almenn og tæki til allra sjóðfélaga. Hann hafi ekki afsalað sér þessum réttindum.

Stefnandi krefst þess að eftirlaunaréttindin sem hann ávann sér í Iðnaðarbankanum skuli miðast við laun bankastjóra Íslandsbanka í desember 2009. Sameining eftirlaunasjóðsins og stefnda hafi verið miðuð við stöðu eigna og skuldbindinga á þeim degi. Íslandsbanki sem nú starfi tengist Iðnaðarbankanum sterkum böndum. Þá eigi ekki að miða við lægra settan starfsmann, eða starfsmann sem gegni sambærilegri stöðu og hann sjálfur hjá Íslandsbanka. Það felist í eftirmannsreglunni að miða eigi við hæstu stöðu, sbr. 9. mgr. 6. gr. samþykktar eftirlaunasjóðsins. Laun bankastjóra Íslandsbanka hafi verið 1.750.000 krónur í desember 2009.

Um seinni lið aðalkröfu segir stefnandi að hann hafi í starfi hjá Íslandsbanka áunnið sér upp í 90% eftirlaunarétt, frá 76,3% sem hann hafði þegar áunnið sér. Þessi réttindi lúti öðrum lögmálum en fyrri réttindi. Ellilífeyrisréttindi yrðu aldrei hærri en 90%. Ellilífeyrir yrði 90% fyrstu tvö árin eftir að greiðsla hans hæfist, 85% næstu tvö árin og svo koll af kolli niður í 70%. Í 13. gr. samningsins er sérákvæði um að eftirlaunarétturinn í tilviki stefnanda færi þó aldrei niður fyrir 76,3%. Þá hafi verið áréttað í ráðningarsamningnum að áunnin eftirlaunaréttindi sem Íslandsbanki yfirtók í ársbyrjun 1990 teldust til áunninna réttinda í bankanum. Þau réttindi sem stefnandi hafi áunnið sér í starfi hjá Íslandsbanka eigi að reiknast í samræmi við skilning eftirlaunasjóðsins á þeim.

#### *Um varakröfu*

Varakrafa er sambærileg aðalkröfu nema hvað að þar er miðað við að áunnin réttindi í Iðnaðarbankanum skuli miðast við 90% af launum bankastjóra Íslandsbanka. Rök fyrir þessu séu þau að laun framkvæmdastjóra hjá bankanum hafi numið 90% af launum bankastjóra. Eigi að miða þessi réttindi við laun í því starfi sem hann gegndi síðast þá eigi að reikna þau með þessum hætti en ekki eins og stefndi vilji gera.

#### *Um þrautavarakröfu*

Í þrautavarakröfu er byggt á sömu atriðum og í aðalkröfu, fyrir utan það að réttindin frá Iðnaðarbankanum verði miðuð við laun hæstaréttardómara auk tilgreinds álags. Það sé lágmarkskrafa að miðað skuli við þau launakjör sem stefnandi naut er hann ávann sér eftirlaunaréttindin. Grunnlaun hæstaréttardómara hafi í desember 2009 verið 806.230 krónur. Uppreiknuð samkvæmt

ráðningarsamningnum væri launaviðmiðunin 1.179.111 krónur.

### *Annað*

Kröfu um 8,33% álag byggir stefnandi á því að svokallaður 13. mánuður hafi ávallt verið greiddur, þótt hans sé hvergi getið í kjara- eða ráðningarsamningum. Þetta hafi eftirlaunasjóðurinn viðurkennt fyrir gerðardóminum.

Að eftirlaunaaldur sé 65 ár byggir stefnandi á ráðningarsamningum sínum. Þetta sé enn fremur viðurkennt af stefnda.

Stefnandi reiknar kröfur sínar miðað við 31. desember 2009, en þann dag hafi stefndi tekið á sig skuldbindingar eftirlaunasjóðsins.

Stefnandi kveðst krefjast þess að viðurkennd verði skylda stefnda til að yfirfæra réttindi stefnanda eins og þau hafi verið 31. desember 2009, þar sem nauðsynlegt sé að þeim fylgi öll viðbótarréttindi, eins og t.d. réttur til hlutfallslegrar úthlutunar af umframeignum eftirlaunasjóðsins og réttur til að breyta 20% af áunnum eftirlaunaréttindum í séreignarsparnað.

Um málskostnaðarkröfu sína tekur stefnandi fram að eftirlaunasjóðurinn hefði getað komið í veg fyrir að gerðardómur sem fjallaði um ágreining aðila vísaði málinu frá sér. Hefði hann veitt gerðardóminum réttar upplýsingar um meðferð lífeyrisréttinda stefnanda og stöðu eftirlaunasjóðsins gagnvart Glitni banka hefði hann getað komið í veg fyrir að niðurstaðan yrði sú og þar með getað sparað höfðun þessa máls. Stefndi sé aðili að þessu máli eftir að hann tók yfir öll réttindi og skyldur eftirlaunasjóðsins.

### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi byggir á því að ekki verið ráðið af ráðningarsamningi stefnanda við Íslandsbanka að áunninn eftirlaun hans skyldu taka mið af launum Íslandsbanka eins og þau voru 31. desember 2009. Samningurinn mæli fyrir um að fjárhæð lífeyris skuli vera ákveðinn hundradshluti af grundvallarlaunum. Hugtakið grundvallarlaun merki síðustu fullu mánaðarlaun framkvæmdastjórans fyrir töku lífeyris. Þá skuli þau breytast í samræmi við breytingar á launavísitölu.

Stefndi mótmælir því ekki að Íslandsbanki hafi í ársbyrjun 1990 tekið á sig lífeyrisskuldbindingu Iðnaðarbankans gagnvart stefnanda. Þau eftirlaunaréttindi hans hafi talist til áunninna réttinda hjá Íslandsbanka samkvæmt 8. gr. ráðningarsamnings stefnanda. Með sérákvæði í 13. gr. samningsins sé hins vegar ákveðið hvað í þessu felist. Þar sé vísað til þess að stefnandi hafi áunnið sér rétt til 76,3% eftirlauna hjá Iðnaðarbankanum, sem stefnandi hafi yfirtekið. Eftirlaunaréttur hans verði aldrei lægri en það hlutfall sem hann hafði þá áunnið sér.

Stefndi byggir á því að með ráðningarsamningi stefnanda hjá Íslandsbanka hafi verið samið um breytingu á verðtryggingarviðmiðun eftirlaunaréttinda sem hann hafði þá þegar áunnið sér. Samið hafi verið um að verðtrygging yrði framvegis samkvæmt launavísitölu, en ekki eftir launum bankastjóra Iðnaðarbankans. Sú staða hafi verið lögð niður þegar ráðningarsamningurinn var gerður. Það sé langsótt, ef ekki óhugsandi, að stefnandi og Íslandsbanki hafi gert samning um lífeyrisréttindi í júlí 1993 og ákveðið að eftirlaun skyldu ráðast af launum fyrir starf sem lagt hafði verið niður. Hafi aðilar ætlað að miða við laun bankastjóra Íslandsbanka hefðu þeir tekið það fram í samningnum.

Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að við fjármögnun eftirlaunasjóðsins hafi hann fengið greiðslu frá bankanum vegna stefnanda sem tekið hafi mið af kröfugerð hans nú. Fjármögnun sjóðsins hafi byggst á útreikningum á heildarskuldbindingum hans á tryggingafræðilegum forsendum. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að þar hafi verið gert ráð fyrir „bankastjóraunum“ vegna stefnanda. Þetta myndi heldur ekki ráða úrslitum. Vísar hann annars til upplýsinga frá tryggingastærðfræðingi eftirlaunasjóðsins, en þar komi fram að í útreikningi á skuldbindingum vegna Ragnars hafi verið miðað við laun framkvæmdastjóra í bankanum þegar hann lét af störfum. Tekur hann fram að útreikningur tryggingafræðings skapi stefnanda ekki stjórnarskrárvarin eignaréttindi.

Stefndi mótmælir því sem segir í stefnu að eftirlaunasjóðurinn hafi breytt eftirlaunaréttindum stefnanda einhliða seinni hluta árs 2006 eða í ársbyrjun 2007 með nýrri túlkun á ráðningarsamningnum.

Stefndi mótmælir því að unnt væri að miða við laun bankastjóra nýja Íslandsbanka, sem stofnaður var í október 2008, þótt fallist yrði á að mismunandi reglur giltu um verðtryggingu hinna eldri réttinda stefnanda.

Þá heldur stefndi því fram að eftirlaunaréttindi samkvæmt samningnum við Iðnaðarbankann hafi verið takmörkuð við 90% af bankastjóraunum. Ekki sé tekið tillit til þessa í aðalkröfu stefnanda. Þá taki stefnandi ekki tillit til frádráttarliða samkvæmt samningnum, sem séu víðtækari en frádráttarliðir í samningnum við Íslandsbanka. Stefnandi velji þau ákvæði samningsins sem séu honum hagstæð, en líti fram hjá öðrum sem takmarki rétt hans. Því sé ekki unnt að taka kröfu hans til greina.

Stefndi mótmælir því að unnt sé að miða eftirlaun stefnanda við laun hæstaréttardómara. Samningur stefnanda við Iðnaðarbankann hafi sagt að miða ætti við bankastjóraun á hverjum tíma. Þar hafi laun hæstaréttardómara ekki verið nefnd. Ekki fái staðist að laun bankastjóra hefðu ætíð verið við þau miðuð. Nú hafi staða þessa bankastjóra verið lögð niður og viðmiðun eftirlaunasamningsins því ekki til staðar lengur.

Stefndi mótmælir sönnunargildi minnisblaðs um lífeyrisréttindi stefnanda, sem Bjarni Þórðarson og Ólafur Nilsson rituðu og er dagsett 28. maí 2009. Þessa blaðs hafi stefnandi aflað eftir að ágreiningur reis milli aðila.

Loks vísar stefndi til sömu málsástæðna gegn þrautavarakröfu og getið er að framan um aðal- og varakröfu stefnanda.

Stefndi vísar til meginreglna samninga- og kröfuréttar, einkum meginreglna um stofnun krafna, skuldbindingargildi samninga og túlkun.

### *Niðurstaða*

Stefnandi krefst viðurkenningar eftirlaunaréttinda með ákveðnum hundradshluta af ákveðinni fjárhæð og viðurkenningar á því að greiða skuli 13 mánaðargreiðslur á hverju ári. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda. Með öðrum orðum krefst hann þess að því verði hafnað að viðurkennd verði með dómi tiltekin réttindi stefnanda. Þetta gefur ekki nákvæma mynd af ágreiningi aðila. Stefndi viðurkennir að stefnandi eigi talsverð réttindi. Ágreiningur stendur einungis um við hvaða laun réttindin í fyrri hluta kröfugerðar stefnanda skuli miðast og hvernig þau séu verðtryggð. Aðilar eru sammála um að eftirlaun stefnanda skuli nema 76,3% af þeirri fjárhæð sem hér verður komist að niðurstöðu um, auk 13,7% af síðustu launum hans sem framkvæmdastjóra hjá Íslandsbanka, verðtryggðum með tilteknum hætti.

Hin umdeildu réttindi ávann stefnandi sér í starfi hjá Iðnaðarbankanum til ársloka 1989. Um þau var samið í sérstökum samningi um eftirlaun bankastjóra bankans, dags. 16. maí 1988. Réttindin eru í samningnum kölluð eftirlaun, en ekki lífeyrir. Þau áttu að nema ákveðnum hundradshluta af bankastjóraalaunum eins og þau væru á hverjum tíma.

Í árslok 1989 hætti stefnandi störfum hjá Iðnaðarbankanum og hóf störf sem framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka. Í ráðningarsamningi, dags. 19. desember 1989, var sérstök bókun þar sem sagði að gera skyldi sérstakan samning um lífeyrisrétt sem skyldi gilda frá 1. janúar 1990. Það var ekki gert fyrr en 9. júlí 1993, en þá var gerður nýr ráðningarsamningur. Þar sagði í 6. gr. að bankinn tryggði stefnanda eftirlaunarétt, ellilífeyri frá 65 ára aldri sem væri ákveðinn hundradshluti af grundvallarlaunum. Grundvallarlaun teldust síðustu fullu mánaðarlaun fyrir töku lífeyris, sem breyttust í samræmi við breytingar á launavísitölu.

Hér liggur ágreiningur aðila. Stefndi telur að öll eftirlaunaréttindi stefnanda skuli reiknast samkvæmt þessu ákvæði ráðningarsamningsins frá 1993, en stefnandi vill reikna réttindi frá starfstíma sínum í Iðnaðarbankanum samkvæmt eftirlaunasamningnum frá 1988.

Þau ákvæði samningsins sem hér reynir á eru annars vegar 5. mgr. 6. gr. og hins vegar 8. gr.

Í 5. mgr. 6. gr. segir: „Aðrar eftirlaunagreiðslur sem framkvæmdastjórinn kann að hafa áunnið sér rétt til áður en hann hóf störf í bankanum eða einhverjum af þeim bönkum sem sameinuðust í Íslandsbanka hf., koma til lækkunar á greiðslum bankans að því marki sem þær, að viðbættum áunnum réttindum skv. 2.

mgr., fara fram úr hámarksgreiðslum samkvæmt þeirri málsgrein.“

Í 8. gr. segir: „Áunnin eftirlaunaréttindi, sem Íslandsbanki hf. yfirtók við samruna rekstrar bankanna í ársbyrjun 1990, teljast til áunninna réttinda hjá bankanum.“

Í fyrrgreinda ákvæðinu er mælt fyrir um frádrátt eftirlaunagreiðslna sem stefnandi kann að hafa áunnið sér áður en hann hóf störf í Íslandsbanka eða Iðnaðarbankanum, sé þetta skýrt eftir orðanna hljóðan. Er raunar ekkert sem styður aðra skýringu en að eftirlaunaréttindi stefnanda frá Iðnaðarbankanum og Íslandsbanka skuli reiknuð saman þegar kemur til frádráttar annarra réttinda. Ákvæði 8. gr. felur ekki annað í sér en skýrgreiningu á hugtakinu áunnin réttindi í samningnum. Í því felst ekki sérstök efnisregla.

Við þessa athugun sammingsákvæða má bæta að í ráðningarsamningi stefnanda segir að semja skuli sérstaklega um lífeyrisréttindi og að sá samningur skuli, eins og áður segir, gilda frá 1. janúar 1990. Ætlun aðila með þessu ákvæði hefur verið að ákveða að samræmd eftirlaunaréttindi skyldu gilda frá þeim degi sem Íslandsbanki hóf starfsemi. Þar með væri hætt réttindaávinnslu samkvæmt eldri samningum.

Í samningi aðila frá 9. júlí 1993 er efni eldri eftirlaunaréttinda stefnanda ekki skýrgreint. Einungis eru settar tilteknar reglur um áhrif hinna eldri réttinda á réttindi sem ávinnast hjá Íslandsbanka. Ekki er unnt að skýra samninginn svo að verðtrygging eldri réttinda stefnanda skyldi fara eftir reglum sammingsins. Í honum er ekki kveðið á um efni hinna eldri réttinda, einungis hvaða áhrif þau hafa á ný réttindi sem ávinnast myndu hjá Íslandsbanka. Verður því að viðurkenna kröfu stefnanda um eftirlaunaréttindi sem nema 76,3% af launum.

En þá þarf að leysa úr því við hvaða laun skuli miða útreikning þessa hluta eftirlauna stefnanda. Hann krefst þess aðallega að miðað verði við laun bankastjóra Íslandsbanka hf eins og þau voru 31. desember 2009. Í samningi stefnanda og Iðnaðarbankans frá árinu 1988 segir að miða skuli við laun bankastjóra. Verður að skýra ákvæðið svo að átt hafi verið við bankastjóra Iðnaðarbankans. Rekstri Iðnaðarbankans var hætt í árslok 1989 er rekstur hans var sameinaður rekstri annarra banka í Íslandsbanka. Í október 2008 var skipuð skilanefnd yfir Íslandsbanka og síðar slitastjórn. Var nýr banki stofnaður sem tók yfir talsvert af eignum og skuldum gamla bankans. Stefnandi miðar aðal- og varakröfu sína við laun bankastjóra þessa nýja banka. Ekki er fallist á að það sé heimilt. Talsverður munur er á stærð bankanna og þess einnig að gæta að stefnandi var annar tveggja bankastjóra, en Íslandsbanka stýrir einn bankastjóri.

Eftirlaunasamningur stefnanda og annarra bankastjóra Iðnaðarbankans var gerður sama dag og ráðningarsamningur stefnanda sem bankastjóra. Laun hans voru þá ákveðin eftir launum hæstaréttardómara með tilteknum viðbótum. Því er ekki haldið fram að þessari viðmiðun hafi verið breytt áður en stefnandi hætti störfum í Iðnaðarbankanum og hóf störf í Íslandsbanka. Laun hæstaréttardómara voru á þessum tíma ákveðin af kjaradómi, sem var óháður gerðardómur. Þau eru nú ákveðin af kjararáði, sem einnig er óháður úrskurðaraðili. Launin skulu breytast í samræmi við launaþróun í landinu, sbr. nú 8. gr. laga nr. 47/2006. Þykir stefnandi eiga rétt til þess að fá viðurkennd eftirlaunaréttindi sem miðist við þessi laun eins

og hann krefst til þrautavara.

Stefndi telur að stefnandi hafi ekki tekið tillit til þess að eftirlaunaréttindi hafi verið takmörkuð við 90% af bankastjóra-launum. Stefnandi gerir einmitt ekki kröfu um hærra hlutfall en 90% af fullum launum, en það var hámark eftirlauna samkvæmt eftirlaunasamningi hans við Iðnaðarbankann.

Öðrum þáttum í kröfugerð stefnanda er ekki mótmælt. Fallist verður því á síðari lið viðurkenningarkröfu stefnanda um eftirlaunaréttindi sem hann ávann sér í starfi hjá Íslandsbanka. Þá verður viðurkennt að greiða skuli eftirlaunin fyrir 13 mánuði á hverju ári.

Ekki er nauðsynlegt að mæla fyrir um skyldu stefnanda til að þola yfirtöku stefnda á skyldum bankanna og eftirlaunasjóðsins. Í dóminum er veitt viðurkenning ákveðinna réttinda stefnanda gagnvart stefnda. Krafa um viðurkenningu réttinda og skyldu sem fylgt hafi réttindum annarra sjóðsfélaga Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka er tekin hafi verið yfir af stefnda, er hins vegar of óákveðin og ekki tengd ákveðnum tilgreindum réttindum og verður henni vísað frá dómi.

Stefnda verður gert að greiða stefnanda 1.350.000 krónur í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **D ó m s o r ð**

Framangreindri kröfu um viðurkenningu réttinda og skyldu er vísað frá dómi.

Viðurkennt er að áunnin eftirlaunaréttindi stefnanda við yfirfærslu þeirra frá Eftirlaunasjóði starfsmanna Glitnis banka hf. til stefnda þann 31. ágúst 2010 á verðlagi 31. desember 2009 hafi verið 76,3% af launum hæstaréttardómara auk 17% álags og 25% viðbótarálags á launin þannig reiknuð eins og þau voru í lok árs 2009, auk 13,7% af síðustu launum stefnanda sem framkvæmdastjóra hjá Íslandsbanka hf. verðtryggðum með launavísitölu frá maí 1998 (139,4 stig) fyrstu tvö árin frá því að taka lífeyris hefst, 8,7% næstu tvö árin og 3,7% í tvö ár eftir það.

Viðurkennt er að stefnandi eigi rétt til eftirlauna frá 65 ára aldri og að lífeyri skuli greiða fyrir 12 mánuði á ári, að viðbætti aukagreiðslu árlega er nemi sömu fjárhæð og ein mánaðargreiðsla.

Lífeyrisréttindi stefnanda í Lífeyrissjóði verslunarmanna, að fjárhæð 19.531.000 krónur, skulu dregin frá lífeyrisrétti hans gagnvart stefnda.

Stefndi greiði stefnanda 1.350.000 krónur í málskostnað.

Jón Finnbjörnsson